

neytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðufsafframleiðslu fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974:

Ufsi	US cent á lb. Cif.
4×6 kg	49.00

Verðbil verður 3% er miðast við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. apríl 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af hafnarsvæðinu
í Njarðvík, Njarðvíkurhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 8. apríl 1974 staðfest skipulagsuppdrátt af hafnarsvæðinu í Njarðvík, Njarðvíkurhreppi, Gullbringusýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 9. apríl 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um skráningu eiturefna og hættulegra efna til nota í landbúnaði
og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Eftirtalin efni hafa verið viðurkennd, sbr. reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132, 13. júlí 1971:

Hættuflokkur X: Egodan Parathion 35 EC., plöntulyf. Nicotine Smokean. A., plöntulyf. T-61 ad us vet., aflifunarefni: (aðeins ætlað dýralæknum til aflifunar dýra).

Hættuflokkur A: Lindasect 20, plöntulyf. Tresex Gamma 80, plöntulyf. Matation Na 50 (200 ml), plöntulyf.

Hættuflokkur B: Lindasect Special Ny, plöntulyf. Matation Na 50 (50 ml), plöntulyf.

Hættuflokkur C: Brassicol 50%, plöntulyf. Brassicol 20, plöntulyf, Brassicol Super Kone., plöntulyf. Brassicol 60, plöntulyf. Afalon, örgresisefni. Gesatop 50, örgresisefni. Ferbam Na Pudder, plöntulyf. Akidan Kone., plöntulyf.

Er því heimilað sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 132 13. júlí 1971, að flytja til landsins, selja eða nota framangreind efni og efnasamsetningar, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um afhendingu og notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. apríl 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.

REGLUGERÐ

um dagvistunarheimili.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 29/1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarstofnana leggur ríkið fram fé samkvæmt fjárveitingu hverju sinni til þess að reisa og reka dagvistunarheimili fyrir börn í því skyni að búa þeim góð uppeldisskilyrði, er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

2. gr.

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila, samkvæmt 3. gr. laga nr. 29/1973 eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög í fjölbýlishúsum, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistunarheimili í samræmi við markmið laganna. Lög þessi taka ekki til dagvistunar á einkaheimilum og eigi heldur til húsnæðis, sem ekki uppfyllir lágmarkskröfur um aðbúnað, samkvæmt lögnum og reglugerð þessari. Hið sama gildir, ef reglum um starfsmannahald er eigi fullnægt.

3. gr.

Þegar aðili, samkvæmt 3. gr. laga nr. 29/1973, óskar að njóta styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða reka dagvistunarheimili, skal hann senda beiðni sína á sérstök umsóknareyðublaði menntamálaráðuneytisins. Með umsókn þessari skulu fylgja þau gögn, sem tilgreind eru í II. og III. kafla þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

Um stofnkostnað dagvistunarheimilis.

4. gr.

Aðili, sem hyggst setja á stofn dagvistunarheimili og óskar að njóta styrks úr ríkissjóði, samkvæmt lögum nr. 29/1973, skal með umsókn sinni senda þau gögn, sem við eiga og tilgreind eru hér á eftir:

A. Nýbygging:

1. Áætlun um starfsemi heimilisins og upplýsingar um rekstraraðila.